

064/01 - Smáey VE 144

Smáey VE 144, skipverji féll í stiga og lést

Smáey VE 144

Skipaskr.nr.: 1622

Smíðaður: Ísafirði 1982 Stál

Stærð: 180,00 brl; 251,00 bt

Lengd: 28,29 m **Breidd:** 7,24 m **Dýpt:** 6,05 m

Vél: Grenaa Diesel 659,00 kW **Árgerð:** 1982

Annað:

Földi skipverja: 10



Atvikalýsing

Þann 21. júlí 2001 var Smáey VE 144 við Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum og var brottför fyrirhuguð kl. 13:00 þennan dag.

Skipverji á skipinu, sem hafði komið snemma um borð, hafði haft samband við kunningja sinn og beðið hann um að koma til sín niður í skip og fara í ökuferð. Þegar félagi hans kom að skipinu fann hann skipverjann látinn fyrir neðan stiga sem liggur niður af veðurdekki og á vinnsludekk.

Við rannsókn kom fram

- að ekki er ljóst hvernig atvikið átti sér stað;
- að farsími hins látna fannst fyrir utan, ofan við stigann;
- að stiginn 2,3m hár á milli þilfara og nokkuð brattur;
- að handrið var eingöngu öðru megin;
- að dánarorsök var höfuðhögg;
- að hinn látni var undir áhrifum áfengis.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.